

Fundargerð



MÝVATN

Sveitarstjórn Skútustaðahrepps.

19. fundur.

að Hlíðavegi 6, 26. apríl 2007, kl. 13:30.

DAGSKRÁ:

1. Fundarsetning.
2. Fundargerð Bygginganefndar frá 11. apríl.
3. Erindi frá Umhverfissráðuneyti dags. 17. apríl, ósk um tilnefningu fulltrúa í svæðisráð fyrir rekstrasrsvæði 1 í Vatnajökulsþjóðgarði.
4. Erindi frá Félagsmálastjóra þar sem óskað er eftir að samþykktar verði sérstakar reglur um húsaleigubætur.
5. Erindi frá forstöðumanni ÍMS ósk um breytingu á gjaldskrá og endurmýjun á heitum pottum.
6. Aðalfundur Tækifæris hf.
7. Þjónustusamningur v/Mývatnsstofu.
8. Ráðningar í sumarstörf.
9. Erindi frá samvinnunefnd um svæðisskipulag háhitasvæða, óskað eftir afstöðu sveitarstjórnar á útvíkkun orkuvinnslusvæða við Kröflu.
10. Erindi frá Birki Fanndal og Sólveigu Illugadóttur, ósk um tengingu við vatnsveitur sveitarfélagsins fyrir íbúðarhús að Sólgorðum við Helgavog.
11. Úrskurður Úrskurðarnefndar skipulags- og byggingamála v/Dettifossvegur.

Mættir: Margrét Hólm Valsdóttir, Ingunn Guðbjörnsdóttir, Kristján Stefánsson, Dagbjört Bjarnadóttir, Steinunn Ósk Stefánsdóttir.

1. Fundarsetning.

Oddviti setti fund og óskaði eftir að málum 8, 9, 10 og 11 yrði bætt á dagskránnu.

Samþykkt samhljóða.

2. Fundargerð Bygginganefndar frá 11. apríl.

Liður 4, þar sem óskað er eftir leyfi til að setja upp mastur og sjálfvirka veðurstöð norðaustan við Hlíðarfjall og liður 6, (að við teljum) eiga við um Skútustaðahrepp. Þar óska KEA hótél eftir stöðuleyfi fyrir 50 m² sumarhús sem staðsett yrði sunnan núverandi starfsmannahúss. Bygginganefnd samþykkti erindið með fyrirvara um samþykki Umhverfisstofnunar. Afrit af samþykkt stofnunarinnar barst með bréfi 20. apríl, þar er kveðið á um leyfi til tveggja ára.

Sveitarstjórn samþykkir fundargerðina með þeirri undantekningu að stöðuleyfi vegna starfsmannahúss KEA hótela er einungis veitt til eins árs.

3. Erindi frá Umhverfissráðuneyti dags. 17. apríl, ósk um tilnefningu fulltrúa í svæðisráð fyrir rekstrarsvæði 1 í Vatnajökulsþjóðgarði.

Með bréfi dags. 17. apríl óskar Umhverfissráðuneyti eftir tilnefningu eins fulltrúa í svæðisráð fyrir rekstrarsvæði 1 í væntanlegum Vatnajökulsþjóðgarði. Samþykkt að fulltrúi Skútustaðahrepps verði Böðvar Pétursson og til vara Dagbjört Bjarnadóttir.

4. Erindi frá Félagsmálastjóra þar sem óskað er eftir að samþykktar verði sérstakar reglur um húsaleigubætur.

Með bréfi dags. 10. apríl mælir félagsmálastjóri með því að sveitarfélög á þjónustusvæði Fjölskylduþjónustu Þingeyinga taki upp greiðslur sérstakra húsaleigubóta frá og með árinu 2008. Æskilegt sé að sveitarfélögin á þjónustusvæðinu starfi eftir samræmdum verklagsreglum og að þjónustustig velferðarþjónustu sveitafélaganna sé sambærilegt. Sérstakar húsaleigubætur eru ætlaðar leigjendum sem búa við mjög erfiðar félagslegar aðstæður og fjárhagsstöðu. Stuðningurinn er tengdur leigjandum sjálfum í formi sérstakra bóta sem taka mið af persónulegum aðstæðum í stað þess að tengjast íbúðinni. Fram kemur í bréfinu að mörg sveitarfélög hafa nú þegar tekið þessar reglur upp og önnur að íhuga það.

Sveitarstjórn samþykkir taka upp greiðslur sérstakra húsaleigubóta frá og með árinu 2008.

5. Erindi frá forstöðumanni ÍMS ósk um breytingu á gjaldskrá og endurnýjun á heitum pottum.

Í bréfi forstöðumanns er óskað eftir hækkun á gjaldskrá sundlaugar þ.e. stakur tími fyrir fullorðinn einstakling hækki úr kr. 280,- í kr. 300,-. Tíumiða sundkort hækki úr kr. 2.000,- í kr. 2.200,- og þrjátíumiða sundkort úr 4.200,- í kr. 4.800,-. Einnig er óskað eftir að sveitarstjórn ákveði hvernig viðhaldi og endurnýjum á heitum pottum íþróttamiðstöðvar skuli háttáð til framtíðar. Nú sé staðan þannig að dúkurinn íbáðum pottunum sé ónýtur og ekki hægt að leggja upp í sumarið með ástandið þannig. Sýnt sé að ekki dugi að mála pottana að vori þar sem sú aðgerð dugar ekki nema í einhverja mánuði.

Sveitarstjórn samþykkir gjaldskrárhækkunina og felur sveitarstjóra að ræða við forstöðumann ÍMS um hvernig best sé að endurbæta pottana. Tillögur þess efnis verði lagðar fyrir næsta sveitarstjórnarfund.

6. Aðalfundur Tækifæris hf.

Aðalfundur Tækifæris verður haldinn mánudaginn 30. apríl n.k. Samþykkt að fulltrúi Skútustaðahrepps verði Böðvar Pétursson.

7. Þjónustusamningur v/Mývatnsstofu.

Fyrir fundinum liggja drög að þjónustusamningi við Mývatnsstofu um rekstur upplýsingastöðvar ofl. Gerðar voru nokkrar breytingar á fyrirbyggjandi drögum. Endanlegur þjónustusamningur verður samþykktur á fundi sveitarstjórnar 10. maí n.k. Samþykkt að fulltrúi Skútustaðahrepps í stjórn verði Guðrún María Valgeirsdóttir.

8. Ráðningar í sumarstörf.

Borist hafa þrjár umsóknir.

Áhaldahús

Örn Hauksson.
Sigurður Rúnar Magnússon.

Íþróttamiðstöð

Ísak Sigurðsson.
Sigurður Rúnar Magnússon.

Samþykkt að ráða Örn í áhaldahús og Ísak í íþróttamiðstöð/áhaldahús. Vegna ungs aldurs Sigurðar Rúnars sér sveitarstjórn sér ekki fært að ráða hann í umbeðin störf. Steinunn tók ekki þátt í afgreiðslu málsins.

9. Erindi frá samvinnunefnd um svæðisskipulag háhitasvæða, óskað eftir afstöðu sveitarstjórnar á útvíkkun orkuvinnslusvæða við Kröflu.

Með bréfi dags. 24. apríl óskar formaður samvinnunefndar um svæðisskipulag háhitasvæða í Þingeyjarsýslum eftir því að sveitarstjórn fjalli um tillögur að rýmkun orkuvinnslusvæða við Kröflu.

Afgreiðslu erindisins er frestað þar sem von er á nánari gögnum frá Landsvirkjun um málið.

10. Erindi frá Birki Fanndal og Sólveigu Illugadóttur, ósk um tengingu við vatnsveitur sveitarfélagsins fyrir íbúðarhús að Sólgorðum við Helgavog. Sveitarstjórn samþykkir erindið.

11. Úrskurður Úrskurðarnefndar skipulags- og byggingarmála v/Dettifossvegur.

Borist hefur úrskurður Úrskurðarnefndar skipulags- og byggingarmála í kærnu Skútustaðahrepps gegn Skipulagsstofnun v/Dettifossvegur. Í úrskurðarorði segir m.a.:

“Miðað við framanritað er fyrir hendi skipulag sem felur í sér fullnægjandi heimild til útgáfu framkvæmdaleyfis fyrir margnefndum vegi. Getur 3. tl. bráðabirgðaákvæðis skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 því ekki átt við í málinu og var sveitarstjórn ekki skylt að leita meðmæla Skipulagsstofnunar með veitingu leyfisins. Þykir af þessum sökum ekki hafa þýðingu að skera úr um lögmati synjunar Skipulagsstofnunar um meðmælin, enda voru þau óþörf. Verður ekki heldur séð að kærandi eigi neina lögvarða hagsmuni því tengda að fá efnisúrlausn í málinu og verður kærumáli þessi því vísað frá úrskurðarnefndinni.”

Sveitarstjórn fagnar þessari niðurstöðu. Samþykkt að veita Vegagerðinni framkvæmdaleyfi fyrir 1. áfanga að nýjum Dettifossvegi skv. veglínu B. Sveitarstjóra falið að auglýsa framkvæmdaleyfið eins og lög gera ráð fyrir.

Fleira ekki gert.

Fundi slitið.

Margrét Hólm Valsdóttir,

Ingunn Guðbjörnsdóttir,

Kristján Stefánsson,

Dagbjört Bjarnadóttir,

Steinunn Ósk Stefánsdóttir.